

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 30. apríl 2025

Mál nr. S-6830/2024:

Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Guðmundur St. Ragnarsson verjandi ákærða)

(Þórir Örn Árnason lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

(Leó Daðason lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

(Sveinn Guðmundsson lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

(Lilja Margrét Olsen lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl 2025, var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 14. nóvember 2024, á hendur „X fyrir manndráp, tilraun til manndráps og eignaspjöll, með því að hafa að kvöldi laugardagsins 24. ágúst 2024, á bifreiðastæði [...] í Reykjavík, brotið hliðarrúðu á bifreiðinni [...], en í henni sátu fimm ungmenni, þau A í ökumannssæti, B í farþegasæti [frammi] í, C í vinstra aftursæti, D í hægra aftursæti og E í miðju aftursæti. Í kjölfar þess að ákærði braut hliðarrúðuna féllu glerbrot yfir B og veittist ákærði ítrekað að B með hnífi, þar sem hann sat í framsæti bifreiðarinnar, og gerði tilraun til að svipta hann lífi en ákærði stakk B í öxl og brjóstakassa. Í framhaldinu flúðu A, B, C og E út úr bifreiðinni en ákærði fór þá aftur fyrir bifreiðina og teygði sig inn í gegnum afturhurð vinstra megin þar sem hann veittist ítrekað með hnífi að D, sem sat enn í aftursæti bifreiðarinnar hægra megin, og gerði tilraun til að svipta hana lífi, en ákærði stakk D í vinstri öxl, vinstri handlegg og vinstri [hönd]. Ákærði veittist að C með hnífi og svipti hana lífi þar sem hún stóð fyrir utan bifreiðina en ákærði stakk hana í eitt skipti með hnífi í holhönd og náði stungan í gegnum hjartað og inn að lifur.

Afleiðingar árásarinnar voru eftirtaldar:

- B hlaut skurð neðan við hægri öxl á framanverðum hægri brjóstakassa og skurð aftan á baki utanvert við hægra herðablað, loftbrjóst, samanfallið lunga og

blæðingu inn í brjósthol, skurð á litlafingri hægri handar, skurð á hægri framhandlegg og sár á vinstri löngutöng.

2. D hlaut skurði á vinstri hendi við olnboga og á vinstri öxl, skurð yfir hnúa baugfingurs vinstri handar með áverka á réttisin, lítið sár á vinstri olnboga og á vinstri fótlegg.
3. C hlaut stungusár í neðri hluta vinstri holhandar með undirliggjandi sárgöngum milli rifja 5 og 6, um neðra blað vinstra lungans, inn í broddhluta vinstri slegils hjartans, gegnum sleglaskiptina, gegnum frían vegg hægri slegilsins, gegnum gollurshússluta þindarinnar og með endastöð í efri hluta vinstra blaðs lifrarinnar. C lést af völdum áverkanna föstudaginn 30. ágúst 2024.

Telst brot ákærða gagnvart C varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Teljast brot ákærða gagnvart B og D varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., sömu laga. Þá telst brot ákærða jafnframt varða við 1. mgr. 257. gr. sömu laga að því er varðar eignaspjöll á bifreiðinni.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu F er þess krafist að ákærði og G, sem forráða- og fjárráða[maður] ákærða, verði dæmd til að greiða honum, föður C, miskabætur að fjárhæð kr. 17.000.000,- ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá verknaðardegi 24. ágúst 2024, til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. laga nr. 38/2001, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun þar sem bótakrefjandi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins.

Af hálfu H er þess krafist að ákærði og G, sem forráða- og fjárráða[maður] ákærða, verði dæmd til að greiða henni, móður C, miskabætur að fjárhæð kr. 17.000.000,- ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá verknaðardegi 24. ágúst 2024, til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001, frá þeim degi til

greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. laga nr. 38/2001, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun þar sem bótakrefjandi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins.

Af hálfu I, f.h. ólögráða sonar hans B, er þess krafist að G, f.h. ákærða, ólögráða sonar hennar, verði dæmd til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 8.000.000,- ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 24. ágúst 2024 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt, en dráttarvaxta skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda G, f.h. ákærða, ólögráða sonar hennar, vegna líkamstjóns sem B varð fyrir þann 24. ágúst 2024. Verði ekki fallist á skipun réttargæslumanns, þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða brotþola málskostnað að skaðlausu, samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun vegna kostnaðar við að halda fram bótakröfu í málinu.

Af hálfu J, f.h. ólögráða dóttur hennar D er þess krafist að G, f.h. ákærða, ólögráða sonar hennar, verði dæmd til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 8.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. ágúst 2024 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er kynnt ákærða, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar að mati dómara eða síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Af hálfu A er þess krafist að G, f.h. ákærða, ólögráða sonar hennar, verði dæmd til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 5.000.000,- ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 24. ágúst 2024 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er kynnt ákærða, en dráttarvaxta skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda G fyrir hönd ákærða, ólögráða sonar hennar, vegna miska sem A varð fyrir þann 24. ágúst 2024. Verði ekki fallist á kröfu um skipun réttargæslumanns, þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða brotþola málskostnað að skaðlausu, samkvæmt mati dómara eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun vegna kostnaðar við að halda fram bótakröfu þessari.“

2. Í þinghaldi 25. febrúar 2025 lagði sækjandi fram framhaldsákæru, útgefna af héraðs-saksóknara 7. febrúar 2025, „þar sem fram eru komnar upplýsingar sem ekki lágu fyrir þegar ákæra héraðssaksóknara dags. 14. nóvember 2024 var útgefin á hendur [ákærða]. Eftirfarandi einkaréttarkröfu er bætt við ákæru:

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu K og L fyrir hönd ólögráða dóttur þeirra, E, er gerð krafa um skaðabætur á hendur G, f.h. ákærða, ólögráða sonar hennar. Krafast er miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 6.000.000,-. Krafast er vaxta af ofangreindri fjárhæð skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 24. ágúst 2024 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.“

3. Í þinghaldi 2. apríl 2025 lagði sækjandi fram framhaldsákæru, útgefna af héraðssaksóknara 1. apríl 2025, með skírskotun til 1. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008 „þar sem fram eru komnar upplýsingar sem ekki lágu fyrir þegar ákæra héraðssaksóknara dags. 14. nóvember 2024 var útgefin á hendur [ákærða]. Eftirfarandi einkaréttarkröfu er bætt við ákæru:

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu F og H, f.h. dánarbús C, er þess krafist að ákærði og G, sem forráða- og fjárráða[maður] ákærða, verði dæmd til að greiða dánarbúi C, þjáningabætur kr. 600.000,- utan við áður framkomna miskabótakröfu þeirra persónulega, að fjárhæð kr. 17.000.000,- í sakamálinu S-6830/2024, ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. laga nr. 38/2001, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun þar sem kröfuhafi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins. Krafa þessi er sjálfstæð og byggir á þjáningum hinnar 17 ára gömlu C.“

4. Ákærði krefst þess að vera sýknaður af broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 gagnvart C og af broti gegn 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga gagnvart B og D. Til vara krefst hann að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög heimila.

5. Þá krefst ákærði að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög heimila varðandi brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.
6. Í öllum tilvikum krefst hann þess að gæsluvarðhald sem hann hefur sætt frá 25. ágúst 2025 komi til frádráttar dæmdri refsivist.
7. Ákærði krefst þess að einkaréttarkröfur F og H, B og D sæti lækkun, að einkaréttarkröfum A og E verði vísað frá dómi ellegar hann sýknaður af þeim en til vara að miska-bótakröfurnar sæti lækkun. Hann mótmælir ekki þjáningabótakröfu í framhaldsákæru, dags. 1. apríl sl., en leggur hana í mat dómsins.
8. Þá gerir ákærði kröfu um að verjanda verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði að mati dómsins samkvæmt framlagðri tímaskýrslu verjanda að viðbættum virðisaukaskatti á málsvarnarlaun.

I

Málsatvik

1.

9. Á menningarnótt laugardaginn 24. ágúst 2024 kl. 23:27 barst lögreglu tilkynning um líkamsárás. Fram kom að þrír einstaklingar hefðu verið stungnir með hníf á bifreiðastæði [...]. Þegar lögregla kom á vettvang var verið að framkvæma endurlífgun á stúlku sem lá á götunni við bifreiðina. Reyndist það vera C sem var meðvitundarlaus og með stungusár vinstra megin á brjóstakassa. Á vettvangi voru einnig B og D, bæði með sjáanlega áverka. Öll höfðu þau verið farþegar í bifreiðinni [...] en sjá mátti að framrúða farþegamegin í bifreiðinni var mölbrotin. Á vettvangi komu fram upplýsingar frá ökumanni bifreiðarinnar, A, sem og farþegum um að gerandinn væri ákærði, X. Í kjölfarið fór lögregla að lögheimili hans [...] þar sem hann var handtekinn. Á heimilinu var einnig sambýlismaður móður ákærða, M. Í ljósi atvika var ákveðið að hann fengi réttarstöðu sakbornings sem og móðir ákærða, G, nokkru síðar.
10. Tæknideild lögreglu rannsakaði vettvang [...]. Þá gáfu sig fram sjónarvottar og teknar voru skýrslur af þeim á lögreglustöð í kjölfarið. Meðal gagna málsins eru upptökur úr eftirlitsmyndavélum [...] umrætt kvöld. Þá liggja fyrir upptökur úr myndavélakerfi forritsins RING sem var í síma móður ákærða. Þar má m.a. heyra samtal hennar við ákærða þann 24. ágúst 2024 kl. 23:28. Einnig má sjá fyrstu viðbrögð ákærða eftir að hann kom heim kl. 23:48, í uppnámi og leggjast í gólfið og gráta. Þá sést er móðir hans segir við hann að löggan sé að koma og hann verði að „hlaupa út með allt draslið“. Ákærði segir þá: „ég er svo fucked“. Einnig sést að nokkru áður en slökkt er á myndavélakerfinu svarar hann spurningum sambýlismanns móður sinnar um það sem gerst hafði. Fram kemur að hann hafi verið að „reyna að tala við hana“. Hann hafi séð hana í bíl „með gæjum sem ég sagði henni að vera ekki að hanga með“. Spurður hvort hann hafi stungið einhvern svarar hann: „já, fjórar manneskjur örugglega“.

11. Rannsókn á farsíma ákærða leiddi í ljós notkun á forritinu Life360 sem er öryggis-, staðsetningar- og samskiptaforrit og gerir notendum kleift að deila rauntímastaðsetningum sínum með þeim notendum sem eigandi hefur samþykkt. Það hafði ákærði notað til þess að skoða staðsetningu D þennan dag og þetta kvöld. Á tímabilinu kl. 14:36:13–23:23:46 þann 24. ágúst 2024 var staðsetning hennar sótt 148 sinnum í gegnum forritið. Þá höfðu þau verið í talsverðum samskiptum með skilaboðum og símtölum þetta kvöld sem snerust um ástæður sambandsslita þeirra og höfðu að geyma gagnkvæmar ásakanir um framhjáhald. Þetta kvöld spurði ákærði D margoft hvar hún væri og bað hana ítrekað um að hitta sig. Fram kemur í samtölunum að D er drukkin og með ónefndum strákum sem ákærði varar hana við.
12. Lögregla tók sex skýrslur af ákærða á tímabilinu 25. ágúst til 1. nóvember 2024, þar sem honum var gefinn kostur á að tjá sig um atvik, auk þess sem honum voru kynnt gögn sem aflað var í tengslum við rannsóknina. Í fyrstu skýrslutökunni, 25. ágúst 2024, greindi hann frá aðdraganda atvika og að hann hefði ætlað að tala við D en þau hefðu nýlega hætt saman. Kvaðst hann hafa farið að bifreiðinni til þess en myndi ekki eftir því sem síðan gerðist. Hann myndi eftir því að hafa hringt í móður sína grátandi og í „panik“ enda gert sér grein fyrir því að eitthvað slæmt hefði gerst. Aðspurður kvaðst hann hafa fundið hníf á götunni og hefði hent bakpokanum sínum á leiðinni heim en í honum hefði hann geymt áfengisflösku sem hann hefði drukkið úr um kvöldið. Í skýrslutöku 27. ágúst 2024 kvaðst ákærði aðspurður um vopnaburð þetta kvöld hafa verið með eitthvað í höndunum sem hann myndi ekki en kvaðst hafa fundið hníf um kvöldið [...]. Þegar borin eru undir hann ummæli hans sem heyrast á myndavélakerfi á heimili hans kvaðst ákærði ekki muna eftir samtalinu. Í skýrslutöku 20. september 2024 kvaðst ákærði muna betur eftir því sem gerst hefði. Lýsti hann því er hann braut rúðu bifreiðarinnar með hendinni og hvernig einhver hefði komið að honum þegar hann gekk aftur fyrir bifreiðina, gripið um axlir hans báðum megin og byrjað að toga hann niður. Hefði viðkomandi verið alveg upp við hann, aðeins til hliðar við hann. Nánar spurður kvað hann viðkomandi hafa verið „sirka“ fyrir framan sig, vinstra megin til hliðar við sig. Kvaðst hann ekki hafa vitað að manneskjan væri C og hefði farið í „panik“ og „sjökk“ því hann hefði talið einhvern vera að ráðast á sig. Í skýrslutöku 1. nóvember 2024 var ákærði spurður um hnífa sem fundist hefðu í framangreindum bakpoka og kvaðst hann aldrei hafa séð þá og kaus að tjá sig ekki um hnífaburð sinn frekar. Í skýrslutöku 7. nóvember 2024 gekkst ákærði við því að hafa haft tiltekinn hníf með sér í bæinn og kvað það hafa verið í varnarskyni vegna hótana A og B í sinn garð.

13. Í matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands, sem er meðal gagna máls, kemur fram að í blóðsýni ákærða hafi hvorki verið alkóhól, ólögleg ávana- og fíkniefni, róandi lyf, svefnlyf né sterk verkjalyf í mælanlegu magni.
14. Hald var lagt á sakargögn sem talin voru tengjast málinu, m.a. fatnað og hnífa sem fundust á heimili ákærða. Eftir skýrslutöku af sambýlismanni móður ákærða vísaði hann á hníf sem ákærði var talinn hafa haft meðferðis umrætt kvöld. Um var að ræða 21,5 cm samanbrjótanlegan hníf með 9,5 cm blaði. Engin lífsýni sem gáfu jákvæða svörun við blóðprófi fundust á honum. Sýni voru jafnframt send til DNA-greiningar hjá Nationellt Forensiskt Centrum í Svíþjóð. Greining leiddi m.a. í ljós að í sýni sem tekið var af hnífnum fannst DNA í formi þekjufruma og var stærri hlutinn samkenndur við DNA-snið C og minnihlutinn við DNA-snið D. Í einu sýni sem tekið var af sama hníf fannst DNA en ekki með nægum upplýsingum og því ekki unnt að greina það frekar.

2.

15. C var flutt á bráðamóttöku frá vettvangi. Endurlífgunartilraunir báru ekki árangur og var hún úrskurðuð látin þann 30. ágúst 2024. Bráðabirgðaskýrsla N og O réttarlækna um útvíkkaða réttarkrufningu lá fyrir 6. september 2024. Endanleg skýrsla þeirra er dagsett 18. nóvember 2024. Þar kemur fram að dánarorsök C hafi verið altækt heiladrep. Áverki var í neðri hluta vinstri holhandar með undirliggjandi sáragöngum milli rifja 5 og 6, um neðra blað vinstra lungans, inn í broddhluta vinstri slegils hjartans, gegnum sleglaskiptina, gegnum frían vegg hægri slegilsins, gegnum gollurhússhluta þindarinnar og með endastöð í efri hluta vinstra blaðs lifrarinnar. Dauðsfallið var afleiðing áverka á hjartanu sem ætla megi að hafi leitt til mikillar blóðrásarbilunar. Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna úr sjúkraskrá um ástand er hún kom á bráðamóttöku og gang á gjörgæslu bendi heildarmyndin sterklega til þess að áverkinn hafi verið orsök heiladrepsins. Rannsóknarniðurstöður bendi sterklega til þess að dauðsfallið hafi verið afleiðing atlögu annars manns með skörpu áhaldi.
16. Þann 26. ágúst 2024 gerði P réttarlæknisfræðilega líkamsrannsókn á brotaþolum B og D að beiðni lögreglu. Þá liggja fyrir læknisvottorð frá slysa- og bráðadeild Landspítalans vegna skoðunar þeirra í kjölfar árásarinnar. Í læknisvottorði brotaþola B kemur fram um áverka að framanvert við hægri holhönd hafi verið stuttur skurður, um 1–1,5 cm, sem blætt hafi svolítið úr. Aftanvert á brjóstakassa, rétt neðan holhandar hafi verið annar minni skurður en óljóst hafi verið hvort það hafi verið eftir sama stunguáverkann og að hnífurinn hafi á einhverjum tíma stungist í gegn eða hvort um aðra stungu hafi verið að ræða. Þá hafi verið minniháttar skurður innanvert á hægri litla fingri. Brotaþoli hafi í kjölfarið verið sendur í sneiðmynd af brjóstakassa sem hafi sýnt algjört samfall á hægri lungu. Áverki hafi verið á lungnavef en þó lítil blæðing inn í brjóstholið. Miðað við legu

skurðarins virtist stungan vera um það bil 1–1,5 cm frá æða- og taugaknippinu sem liggur niður í handlegginn. Greiningar samkvæmt vottorðinu eru áverkaloftbrjóst, sár á fingri, sár á öxl og sár á framanverðum brjóstkassa.

17. Í læknisvottorði brotaþola D segir að skurður hafi verið yfir hnúa vinstra baugfingurs, líklega hálfur annar cm sem hafi gapað aðeins og sést niður í réttisinina sem að megninu hafi verið farin í sundur. Hún hafi einnig verið með U-laga skurð rétt neðan við vinstri olnboga og bogalaga skurð utanvert á vinstri öxl. Ekki hafi fundist aðrir áverkar á henni við skoðun og ekki grunur um innri áverka. Hafi hún fengið eftirfylgd af bæklunarlæknum í kjölfarið. Greiningar samkvæmt vottorðinu voru áverki á sin á úlnlið og hendi, sár á úlnlið og hendi, skurður á öxl og sár á olnboga.
18. Sömu áverkar og lýst er í ákæru og læknisvottorðum eru tilgreindir í fyrrgreindum skýrslum réttarlæknis. Þá er lagt mat á tilurð þeirra áverka. Talið er að áverkarnir þar bendi sterklega til að þeir hafi orðið til við skarpan kraft, svo sem eftir hníf eða annað egghvasst áhald. Hluti áverka samrýmist svokölluðum varnaráverkum. Samantekin heildarmynd áverkanna bendir til að þeir hafi að mestu leyti eða öllu orðið til vegna árásar annars einstaklings. Áverkar D voru ekki taldir lífshættulegir. Í skýrslunni er jafnframt getið smárra áverka innan við 1 cm á stærð á vinstri fótlegg og olnboga hennar. Ekki er lagt mat á líklega tilurð þeirra áverka.
19. Áverki við holhönd brotaþola B náði inn í fleiðruhol og lunga og myndaði loftbrjóst sem sé áverki sem geti haft lífshættulegar afleiðingar í för með sér og mögulega leitt til dauðsfalls komist einstaklingur ekki undir læknishendur.

3.

20. Undir rannsókn málsins var, þann 26. ágúst 2024, Q geðlæknir dómkvaddur matsmaður til að framkvæma geðrannsókn á ákærða svo unnt væri að leggja mat á hvort 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ætti við um geðræna hagi hans á verknaðarstundu. R sálfræðingur var fenginn til að gera mat á persónuleika og vitsmunum ákærða en eldri mót voru gerð á árunum 2017 og 2020. Komst lækningurinn að þeirri niðurstöðu að ákærði væri hvorki haldinn geðsjúkdómi né væru fyrir hendi aðrar ástæður sem hefðu áhrif á andlegt ástand hans.
21. Í geðrannsókninni er m.a. gerð grein fyrir félags- og fjölskyldusögu ákærða og rakin helstu atriði eru komu fram í viðtölum við hann og við aðila tengda honum. Þá er ítarlega gerð grein fyrir uppeldislegum aðstæðum ákærða og áhættuþáttum, auk þess sem grein er gerð fyrir niðurstöðum prófa sem lögð voru fyrir ákærða.
22. Í þinghaldi þann 11. desember sl. voru S geðlæknir og T sálfræðingur dómkvaddar yfirmatsmenn til að framkvæma geðrannsókn á ákærða og þeim falið að svara tilteknum matsspurningum um geðrænt ástand hans. Niðurstæða þeirra var á sama veg og í undirmati, þ.e. að ákærði hafi á verknaðarstundu ekki verið haldinn geðsjúkdómi og að

ekkert í hans sögu bendi til þess að hann hafi átt við alvarlegan geðrænan vanda að stríða, hvorki fyrir né eftir atburðinn. Að mati yfirmatsmanna var ákærði því sakhæfur. Þá sé ekki svo ástatt um ákærða að 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við. Í ítarlegri matsgerð yfirmatsmanna er m.a. gerð grein fyrir bakgrunni málsins, félags- og persónusögu, heilsufari og geðsögu og viðtölum við ákærða. Þá er gerð grein fyrir niðurstöðum sálfræðilegra prófa sem lögð voru fyrir ákærða.

II

Skýrslutökur fyrir dómi

23. *Ákærði* lýsti atvikinu svo að hann hefði farið upp að bifreiðinni [...] til að tala við brotþola D og viljað að hún kæmi út úr bílnum til að ræða við sig. Hafi hann staðið farþegamegin við gluggann þar sem brotþoli B sat. B og A hefðu neitað honum um það og fært bílrúðuna upp. Hann hefði alveg misst sig og barið í rúðuna sem hefði sprungið. Þá hefði hann tekið upp hnífinn sem hann bar á sér, lyft hægri hendinni að B en síðan farið aftur fyrir bílinn. Það hefði verið dimmt og hann séð illa til en aðspurður kvaðst hann hafa farið inn í bílinn þegar hann stakk D. Þá minnti hann að þegar hann hefði farið út úr bílnum hefði einhver gripið í axlir hans. Hann hefði farið í „panik“ við það en vegna myrkurs hefði hann ekki séð hvað gerðist. Einhver hefði staðið yfir honum og togað í hann og hann talið að einhver væri að ráðast á sig. Aðspurður kvað hann hnífinn hafa farið í þessa manneskju án orðaskipta. Hann minnti að hann hefði ýtt manneskjunni í burtu frá sér og síðan hlaupið heim. Þar hefði hann farið í sturtu til þess að róa sig en síðan hefði lögreglan komið. Ákærði vísaði að öðru leyti til skýrslna hjá lögreglu en óskaði þess að tjá sig ekki frekar. Ákærði kvaðst aðspurður oftast bera á sér hníf og svo hefði verið á menningarnótt en það hefði ekki verið til þess að valda skaða.
24. Ákærði las yfirlýsingu fyrir dóminum sem hann kvaðst hafa samið. Í henni kemur m.a. fram að ákærði hafi samviskubít yfir því sem gerðist, sérstaklega með D og C. Hann samhryggist aðstandendum hennar. Þá særi það hann hversu vondur hann hafi verið við D. Hann vildi óska þess að þetta hefði aldrei gerst og að hann gæti breytt því. Þetta fólk hafi aldrei átt það skilið sem gerðist. Væru þetta hans stærstu mistök sem hann muni sjá eftir alla ævi.
25. Hann kvaðst hafa hugsað mikið um atvikið fyrir aðalmeðferðina og verið andvaka. Hann óskaði þess að hann gæti tekið aftur það sem gerðist en það hafi ekki verið ætlun hans að ganga svona langt.
26. *Brotþoli D* kvaðst hafa verið drukkin þegar atvikið átti sér stað og myndi atvik því illa. Hún hefði verið í samskiptum við ákærða sem hún hafði hætt með skömmu áður. Þau hefðu talað í síma en einnig sent skilaboð sín á milli. Hefði hann viljað vita hvað hún væri að gera og með hverjum hún væri. Hefði hún þó ekki séð skilaboðin sem hann sendi

henni rétt fyrir atvikið fyrr en næsta dag. Aðspurð kvað hún þau bæði hafa verið með smáforritið Life360 í símunum sínum og notað það. Brotapoli kvaðst svo hafa hætt að svara honum og ekki nennt að standa í því.

27. Hún hafi síðan farið í bifreiðina með C en ákveðið var að hún fengi far með henni. Hefði hún setið aftur í með henni. Ákærði hefði komið, bílrúðan verið færð niður og hann viljað tala við hana. Hefðu A og B sagt að hún vildi ekki tala við hann en þá hefði hann orðið pirraður. Spurð um viðbrögð sín kvaðst hún hafa hlegið „stresshlátri“ en tók fram að hún hefði verið drukkinn. Aðspurð kvað hún ákærða hafa verið rólegan þegar hann kom að bílnum og talað „venjulega“. Hann hefði svo tekið brjálæðiskast og brotið rúðuna þegar hún var færð upp. Taldi vitnið að ákærði hefði ekki viljað að hún færi með þeim í bílnum. Kvaðst hún ekki hafa séð hvað gerðist næst en allir hefðu farið út úr bifreiðinni þá þegar. Ákærði hefði beitt hnífnum gegn sér. Hún hefði ekki séð vel til en hann hefði komið inn um bíldyrnar og stungið hana nokkrum sinnum. Hefði hún hálflegið í bílnum á meðan á því stóð. Hefði henni fundist eins og ákærði væri að kýla hana en mundi ekki hversu oft. C hefði staðið fyrir utan og öskrað.
28. Um samskipti sín við ákærða fyrir þetta kvað brotapolí hann oft hafa reiðst ef honum mislíkaði eitthvað. Þá hefði komið fyrir að hann hefði tekið reiðiköst og m.a. kýlt í vegg. Þá hefði hann meitt hana oft en einu sinni. Þetta kvöld hefði henni þó ekki dottið í hug að eitthvað þessu líkt gæti gerst. Aðspurð kvað hún ákærða eiginlega alltaf hafa gengið með hníf á sér eða eitthvert vopn.
29. Brotapoli lýsti áverkum sem hún hlaut eftir árásina og einstaka líkamlegum einkennum sem hún finni enn fyrir. Hún hafi leitað aðstoðar sálfræðings en atvikið hefði haft áhrif á hana félagslega og hún hætt í námi.
30. *Brotapoli B* kvaðst hafa verið [...] með vinum sínum og hringt í A, frænda sinn. Hann hafi ákveðið að hitta hann til þess að fá bílfar en með honum voru C og D. Á leið sinni þangað hafi hann rekist á ákærða sem einnig var á heimleið með félaganum sínum. Kvaðst hann hafa vitað að hann væri fyrrverandi kærasti brotapola, heilsað honum og þeir gengið saman hluta leiðarinnar. Kvaðst brotapolí hafa tekið eftir því að hann var með kveikt á smáforritinu Life360. Leiðir þeirra hafi svo skilið. Þegar brotapolí hefði komið að bílnum hefði hann sest í farþegasætið frammi í. Hann hefði klætt sig úr úlpu og sett á sig bílbeltið. Ákærði hefði allt í einu verið kominn að bílnum og bílrúðan verið færð niður. Hefði ákærði viljað tala við D. Hún hefði verið ölvuð og brotapolí ekki skilið hvað þeim fór á milli en hún hefði ekki viljað tala við ákærða og viljað að rúðan yrði færð upp. Brotapoli kvaðst hafa snúið að A og verið horfa á hann þegar ákærði braut rúðuna. Hefði hann því ekki séð hvernig hann gerði það en rúðubrotum rigndi yfir hann. Brotapoli kvaðst hafa verið stunginn í öxlina en vissi ekki hvernig það atvikaðist. Kvaðst brotapolí hafa farið út úr bifreiðinni bílstjóramegin en A hefði farið út úr bílnum og elt ákærða með hamar.

Hefði brotápoli allt í einu fundið hitatilfinningu og séð að honum blæddi. Hefði hann „misst sig“, ekki áttað sig á því sem var að gerast. Hefði hann hlaupið og leitað skjóls í bifreið, hann hefði heyrt D öskra og biðja um hjálp og séð C liggja á götunni og menn hlúa að henni. Brotápoli kvaðst hafa, í skýrslu hjá lögreglu, greint frá hnífstungunum eftir því sem hann mundi best en þar kvaðst hann hafa fundið fyrir tveimur höggum. Í dag geti hann ekki sagt til um hvort hann hafi verið stunginn einu sinni eða tvisvar. Þá kvaðst hann ekki muna eftir öðru í dag en „stunguhreyfingum“ í átt að D. Hafi hann séð aftan á fætur ákærða þegar hann var að athafna sig í bílnum.

31. Brotápoli lýsti áhrifum atviksins á sig. Á líkama hans væru ör eftir stungurnar og hann fyndi fyrir verkjum. Brotápoli kvað atvikið hafa haft áhrif á öryggistilfinningu sína og hann átt erfitt með að skilja hvernig svona nokkuð gæti gerst hér á landi. Hefði þetta haft áhrif á skólasókn hans. Þá sækir það á hann að hafa ekki getað hjálpað hinum, hann endurupplifi atvikið og reiðist við tilhugsunina. Hann hefði leitað til sálfræðings sem hefði hjálpað að sumu leyti. Brotápoli kvaðst aðspurður aldrei hafa gert nokkuð á hlut ákærða.

32. *Brotápoli A* kvaðst hafa setið í bílstjórásæti bifreiðarinnar með hinum ungmennunum. Ákærði hafi komið að bílnum og hafi hann fært bílrúðuna aðeins niður. Hafi ákærði þá verið rólegur. Einhver orðaskipti hafi átt sér stað og D hafi viljað að hann færi og vildi ekki tala við hann. Ákærði hafi þá brotið bílrúðuna og stungið B tvisvar en þá hafi hann verið orðinn reiður og öskrandi. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð ákærða með hnífinn. B hafi klofað yfir brotápola, farið út úr bifreiðinni og kallað: „hann er með hníf“. C og E sem sátu í aftursætinu hafi hlaupið út en ákærði þá farið hinum megin við bílinn. Hann hafi horft á A og virst líklegur til að stinga hann en þá hafi hann séð D enn í aftursætinu og farið þangað inn. Kvaðst brotápoli hafa séð margar handahreyfingar í átt að D sem öskraði. Brotápoli kvaðst hafa séð þegar C hélt í ákærða, öskraði á hann og reyndi að toga hann eða draga frá D með annarri hendi en lamið í hann með hinni. Um leið og það gerðist hefði ákærði snúið sér við og stungið hana. Aðspurður kvað hann þau hafa verið nálægt hvort öðru og hann öskrað einhver ókvæðisorð. Kvaðst brotápoli hafa öskrað á C að fara frá, leitað að einhverju til að nota sem barefli og hlaupið á eftir ákærða. Hann hafi síðan snúið til baka og séð D liggja á götunni og B í bifreið með áverka. C hafi komið til hans og sagt eitthvað en svo fallið í götuna. Vegfarendur hafi reynt endurlífgun en án árangurs. Brotápoli kvaðst þekkja til ákærða og hefði séð hann áður en aldrei gert neitt á hans hlut eða átt í samskiptum við hann. Þá hefði hann ekki upplifað neina ógn af hálfu ákærða í sinn garð.

33. Brotapoli lýsti afleiðingum atviksins fyrir sig. Hann væri enn að vinna úr áfallinu en allt hefði breyst og hann misst vinnuna. Þá hefði fráfall C sem var nán honum verið honum mjög þungbært en þau hefðu verið par í rúmt ár. Kvaðst hann hafa fengið aðstoð sálfræðings og sæki þá aðstoð enn í dag.
34. E kvaðst hafa hitt C og A eftir flugeldasýninguna og ætlað að fá far með þeim heim. Hún hafi setið í aftursætinu með C og D sem hún þekkti ekki. D hafi allt í einu farið að fela sig í bílnum og öskrað eitthvað þegar hún sá ákærða ganga framhjá. Hafi þau ekki tekið þetta alvarlega þó að hún hafi öskrað eins og hún væri hrædd. Aðspurð kvað vitnið ákærða hafa virkað stressaðan enda hefði hann gengið fram og aftur. Hann hefði svo komið og bankað á bílrúðuna farþegamegin frammi í en D þá kallað: „hann er að fara að drepa mig“. A hafi reynt að bakka bílnum og sá sem sat við hlið hans hafi sagt við ákærða að D vildi ekki tala við hann. Ákærði hafi beðið hana að koma aðeins út úr bílnum og tala við sig en honum enn verið sagt að hún vildi ekki tala við hann og hann ætti að fara. Ákærði hefði þá brotið rúðuna en vitnið kvaðst hafa sagt C að fara út og kvaðst vitnið svo hafa farið frá bílnum. Hún hefði svo séð þegar C hallaði sér upp að bílnum og spurði að því hvort eitthvað amaði að. Þá hefði hún séð blóð og beðið vegfaranda að hringja á lögregluna. Vitnið kvaðst sennilega hafa munað atvik betur þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu fljótlega eftir atvikið.
35. Vitnið lýsti vanlíðan sinni eftir atvikið en C var æskuvinkona hennar. Hún kvaðst hafa þegið tíma hjá sálfræðingi um tíma en jafnvel fundist sem henni liði verr við að rifja atvikið upp. Hún hefði hætt að stunda nám um tíma sem og íþróttir og félagslíf. Hefði atvikið komið niður á öryggistilfinningu hennar almennt, auk þess sem bæði líkamleg og andleg einkenni sem hún tiltók hefðu gert vart við sig strax í kjölfarið.
36. G kvað ákærða hafa hringt í hana að kvöldi 24. ágúst 2024, um 10 mínútum eftir árásina, í miklu uppnámi og óhuggandi. Hún hefði reynt að fá upp úr honum hvað hefði gerst og sagt honum að taka leigubíl heim. Fram kom í samtalinu að hann taldi að hann hefði mögulega stungið einhvern. Ákærði hefði hlaupið heim úr miðbænum og hefðu hún og þáverandi sambylismaður hennar verið heima. Hefði verið nokkurt „kaos“ fyrst á eftir. Ákærði hefði reynt að útskýra hvað hefði gerst og sambylismaðurinn tekið stjórnina og gefið fyrirskipanir. Eins og venjulega hefði hún hlýtt honum, auk þess sem hún hefði verið í áfalli. Hefði hann tekið hníf ákærða og farið með hann eitthvað út. Ákærði hefði talið að hann hefði stungið D, fyrrverandi kærustu sína, og mögulega fleiri. Hún hefði verið með strákum sem ákærði taldi að tengdust hóp sem hefði gert á hans hlut.
37. Vitnið kvað samband ákærða við D hafa verið „stormasamt“ og þau hefðu sífellt verið að byrja og hætta saman. Ásakanir hefðu gengið á báða bóga og í raun hefði sambandið verið báðum óhollt. Þau hefðu verið byrjuð að hittast eitthvað en henni hefði verið

ókunnugt um það hver staðan var nákvæmlega. Þetta kvöld hefði ákærði haldið í bæinn og haft meðferðis vínflösku. Aðspurð kvað vitnið ákærða hafa átt hnífa og gengið með þá. Hafi hann talið að hann þyrfti þess til að verja sig. Vitnið lýsti skapgerð ákærða og persónueiginleikum. Hann hefði lýst atvikinu fyrir henni eftir á en eitthvert orðaskak hefði átt sér stað við bifreiðina og hann hefði „sprengt“ rúðuna. Þá hafi hann „stungið frá sér“ þegar úlpunni var flett upp og sett yfir höfuðið á honum. Hefði hann óvart stungið C í „panikástandi“.

38. *M* lýsti atvikum að kvöldi 24. ágúst 2024 svo að ákærði hefði hringt í móður sína. Hún hefði vælt og dottið í gólfið og haft á orði að hann hefði stungið stelpuna. Ákærði hefði svo komið heim og látið sig falla í gólfið grátandi og miður sfín. Kvaðst vitnið hafa áttað sig á því að eitthvað alvarlegt hefði gerst. Hann hefði tekið alla hnífa á heimilinu og sett út í bíl, ekki endilega til að fela sönnunargögn heldur af öryggisástæðum. Minnti vitnið að hnífur ákærða hefði verið í vasa hans. Hann hefði vitað að von væri á lögreglunni og sagði ákærða að tjá sig ekkert fyrr en hann hefði rætt við lögfræðing. Hefði hann reynslu af því að gera þetta á þennan hátt.
39. Vitnið kvað ákærða almennt hafa gengið með hníf á sér en nefndi líka tilvik þar sem piltar ætluðu að hafa af honum fé. Hefði vitnið ráðlagt ákærða að sjá um sín mál persónulega og bara lemja þá en lítið þýddi að hringja á lögregluna. Aðspurður kvaðst vitnið hafa spurt ákærða hvort hann hefði átt upptökin að því sem gerðist og hann viðurkennt að svo hefði verið. Aðspurður um samband ákærða og D kvað hann það hafa verið náið en eitthvert vesen hefði verið og virtist ákærði svolítið „obsessed“ af henni. Eins og samband þeirra horfði við honum fyrir þetta hefði allt virst vera í lagi og hún komið á heimilið nánast daglega.
40. *Rannsóknarlögreglumáður nr. U* gerði grein fyrir rannsókn málsins allt frá upphafi þess. Ákærði hefði verið handtekinn fljótlega á eftir á heimili sínu. Gerði lögreglumáðurinn frekari grein fyrir helstu ályktunum af rannsóknargögnum. Aðspurð kvað hún rannsóknina hafa tafist þar sem allar upplýsingar hefðu ekki legið fyrir strax, svo sem með árásarvopnið, en ákærði hefði neitað í fyrstu að hafa borið vopn.
41. *V* kvaðst hafa verið staddur á [vettvangi] vegna starfs síns. Hann hafi heyrt hátt brothljóð og heyrt mann öskra. Hafi sá brotið bílrúðu farþegamegin að framan. Hann hafi staðið fyrir utan bílinn, teygst sig inn og ráðist á þann sem sat í farþegasætinu. Hafi vitnið ekki séð vopn og af handahreyfingum hafi virst sem gerandinn væri að nota hnefana. Gerandinn hefði svo farið aftur fyrir bifreiðina og veist þar að stúlku í bílnum. Aðspurður kvaðst vitnið óljóst hafa séð handahreyfingar inni í bílnum en það hafi verið dimmt og að hluta til hafi framsæti bifreiðarinnar byrgt honum sýn. Hafi hann áttað sig á því að um

hnífaárás var að ræða þegar hann sá stúlku koma út úr bifreiðinni og falla í götuna meðvitundarlausu. Þá hafi hann séð þegar gerandinn fór út úr bílnum og gekk brott af vettvangi. Einn brotabólanna hefði fengið stungusár á bak og fengið að setjast inn í bíl hjá vitninu.

42. *Y* kvaðst hafa heyrt öskur og læti í einhverjum fyrir utan bifreið. Hann hafi ekki gefið því gaum í fyrstu enda upptekinn við að ná sér í leigurahjól en þá hafi hann heyrt öskur og rúðu brotna. Maður hafi staðið fyrir utan bifreið og öskrað á þá sem voru inni í bílnum farþegamegin. Hafi honum fundist sem hann væri að „ráðast á bílinn“ en hann hafi séð hann sveifla höndum reiðilega. Einhverjir hafi svo tínst út úr bílnum. Strákur hafi eftir þetta komið særður til hans í uppnámi og beðið hann um aðstoð. Hafi einhverjir aðilar komið út úr bílnum. Þá hafi hann heyrt öskur og séð stúlku liggja á götunni en sá ekki hvaðan hún kom. Hann hafi reynt að hlúa að henni.
43. *Z* kvaðst hafa hafi séð stelpu og strák að rífast við bifreið bílstjórægin og næst er vitnið leit við hafi hún séð stúlku detta í götuna. Nánar spurð kvaðst vitnið hafa séð einhvern standa við bílinn og stúlka hafi verið aftur í en bílhurðin hafi verið opin. Vitnið kvaðst hvorki hafa séð vopn né strákinn fara inn í bílinn. Hún hafi hins vegar séð hann standa nálægt stúlkunni sem hann reifst við og hafi hann snúið að henni. Eftir það hefði hún fallið í götuna. Hann hefði svo farið í burtu. Borinn var undir vitnið framburður hjá lögreglu og kvaðst vitnið muna eftir því að stúlkan hefði reynt að toga strákinn í burtu, með því að grípa í handlegg hans og þá hefði hann farið að hamast í henni. Hefði hann verið nálægt bílhurðinni farþegamegin og hefði stungið hana eftir að stúlkan greip í hann.
44. *P* kvaðst hafa heyrt öskur og séð ungan mann með læti við bifreið. Hann hafi barið í rúðuna farþegamegin en svo farið hringinn og staðið þar við bílhurðina. Einhver átök hafi orðið og hann fálmað eða teygt sig inn í bílinn. Kvaðst vitnið hafa skynjað að samskiptin hefðu ekki verið vinsamleg. Hann hefði svo hlaupið burt. Ökumaður bifreiðarinnar hafi hlaupið á eftir honum með eitthvert áhald en komið til baka og farið að hlúa að stúlku sem féll í götuna. Vitnið kvaðst aðspurð hafa munað atvik betur er hún gaf lögregluskýrslu en þar greindi hún frá því að hafa séð mann byrja að kýla inn í bifreiðina farþegamegin fyrir aftan bílstjóræti.
45. *Æ* kvaðst hafa orðið vör við læti í unglungum og séð strák berja í bílrúðu farþegamegin sem hafi brotnað. Hún hefði þá hringt á lögregluna. Þessi strákur hefði reynt að fálma með hendinni aftur í bílinn en farið svo aftur í bílstjórægin og gert eitthvað þar. Stúlka hefði verið þar ein eftir og kvaðst vitnið hafa séð hana liggja þétt upp við hurðina hinum

megin. Hafi vitninu sýnst af handahreyfingum stráksins sem hann væri að berja stúlkuna en hann hefði legið einhvern veginn yfir henni. Einhver hefði kallað á hjálp. Hún hefði svo séð þegar stúlkan fór út úr bílnum, haltraði og féll í götuna blóðug. Einhver hefði hlúð að henni. Vitnið kvaðst minnst þess að hafa séð C við bifreiðina og styðja sig við hana. Spurð um framburð sinn hjá lögreglu kvaðst vitnið skýrsluna hafa verið nákvæmari um einstök atriði því hún hefði einnig haft vitneskju annars staðar frá en gerði nú greinarmun á því sem hún sjálf sá og man. Kvaðst hún minnst þess nú er ákærði ýtti stúlku frá sér en meira hefði hún ekki séð.

46. Ö kvaðst hafa staðið í námunda við bifreiðina umræddu. Hún hafi séð gerandann öskra eitthvað beint fyrir framan bifreiðina. Hún hafi séð hann brjóta rúðuna farþegamegin en ekki hvernig hann gerði það. Þá hefði hann reynt að grípa í eitthvað inni í bílnum. Tveir strákar hefðu farið út úr bílnum bílstjóragegin. Að því búnu hefði gerandinn farið aftur fyrir bifreiðina. Tvær stúlkur hefðu komið út og önnur hlaupið í burtu. Kvaðst vitnið hafa séð þegar maðurinn fór inn í bílinn og leit út fyrir að hann væri að kýla eða að reyna að ná einhverjum. Hafi hún ekki séð vel til en stúlkan hafi eiginlega verið „kramin“ upp við bílhurðina hinum megina að reyna að færa sig burtu. Önnur stúlkan sem farið hefði út hefði reynt að ná honum burt. Hafi gerandinn þá snúið að bílnum og hún komið upp að hlið hans. Hafi vitninu fundist sem stúlkan, sem klædd var í 66°N jakka, væri að reyna að koma honum burt. Aðspurð kvað hún gerandann hafa verið frekar æstan.
47. AA kvaðst hafa verið með ákærða á menningarnótt. Hann myndi eftir að hafa hitt hann stressaðan og sveittan og spurði hann hvað hefði komið fyrir. Kvaðst ákærði þá hafa stungið þrjár manneskjur. Hafi honum strax dottið í hug að ein þeirra væri D en það hefði alltaf verið eitthvert vesen á þeim. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða með vopn en ákærði hefði verið að leita að D um kvöldið. Hafi hann viljað ganga úr skugga um að allt væri í lagi með hana.
48. AB kvaðst hafa séð það sem virtist vera rifrildi milli fólks við bifreið og rúðu brotna. Maðurinn hafi svo farið aftur fyrir bifreiðina. Hafi vitnið séð að einhver var inni í bifreiðinni aftur í en baksætishurðin hafi staðið opin. Einhverjar handahreyfingar hafi verið í bílnum en allt hafi gerst mjög hratt. Þá hefði hann orðið var við einhver orðaskipti á milli mannsins og stúlku en þau hefðu staðið andspænis hvort öðru. Kvaðst vitnið aðspurður hafa staðið um tvo metra frá þeim. Hann hafi áttað sig á því eftir á að fólk sem þarna var hafði hlotið stungusár sem fossblæddi úr.

49. *AC* kvaðst hafa verið staðsett á [...] og hafa lagt bílnum þar. Margt fólk hafi verið á svæðinu og þar sem hún sat farþegamegin í bílnum sínum hafi hún horft á bifreið sem var lagt hinum megin við þau. Hafi hún séð strák sem hafi verið með höndina inni í bílnum farþegamegin frammi í. Leit það út eins og hann væri að reyna að komast inn í bílinn eða troða sér inn. Hann virtist vera að reyna að grípa í eitthvað. Síðan hefði hann gengið aftur fyrir bílinn. Vitnið hefði séð einhverja fara út úr bílnum og [...] stúlku fara aftur fyrir bílinn. Virtist vera eitthvert orðaskak á milli þeirra við bifreiðina og þau voru ekki sátt eða vinsamleg. Aðspurð taldi hún þau hafa snúið hvort að öðru en hún hefði ekki séð nema höfuðið á þeim. Hún hefði svo séð stúlkuna ganga til baka og setjast við staur en strákurinn hljóp á brott.
50. *AD* kvaðst hafa verið á [vettvangi] og séð þegar maður braut rúðu á bíl og teygði sig inn í bifreiðina. Taldi vitnið líklegt að gerandinn væri að fara að lemja einhvern. Gerandinn hafi síðan farið aftur fyrir bílinn og þar hafi brotþoli C, sem vitnið þekkti í sjón, rifist við hann og ýtt honum eitthvað. Vitnið hefði ekki séð þegar maðurinn stakk hana en hann hafi snúið bakinu í vitnið sem minnti að brotþoli C hefði snúið að manningnum. Nánar spurður kvaðst hann hafa séð einhver samskipti á milli mannsins og C en man ekki í dag hvort hann hafi í reynd séð hnífnum beitt eins og hann greini frá í skýrslu lögreglu. Hefði hann áttað sig á því eftir á þegar hún féll í götuna að hún hefði verið stungin. Vitnið kvaðst hafa séð gerandann opna afturdyr bílsins, teygja sig inn og stinga einhvern. Hann hafi séð einhverjar hreyfingar en áttaði sig ekki á því sem var að gerast þá. Hefði hann áttað sig á því sem gerðist þegar strákur sem sat frammi í hefði leitað aðstoðar en sá hefði verið með áverka.
51. *N réttarlæknir* gerði grein fyrir helstu niðurstöðum er fram koma í skýrslu um útvíkkaða réttarkrufningu brotþola C. Þá lýsti hann áverka brotþola en sár hafi verið á vinstri hlið brjóstkassans en frá því hafi gengið sárgöng á milli fimmta og sjötta rifs, lungað vinstra megin og í gegnum báða slegla hjartans, gegnum þind og hafi sárvegurinn endað í efsta parti lifrarinnar. Erfitt væri að mæla hversu langt hnífurinn hafi farið í reynd en hann hafi náð inn fyrir miðlínu líkama brotþolans. Miðað við það taldi vitnið hnífinn hafa náð a.m.k. 15–16 cm inn í líkamann. Hefði brotþoli ekki getað lifað af áverka sem þennan án meðferðar en ljóst væri að stuðningsmeðferð hefði ekki nægt.
52. *Læknir nr. AE* staðfesti læknisvottorð brotþola D og B. Spurður um áverka D kvað hann þá hafa verið grunna og ekki beinlínis lífshættulega. Ekki væri unnt að fullyrða hvort hluti áverka hefði verið varnaráverkar en gera mætti ráð fyrir því varðandi áverka á hendi og mögulega olnboga. Hvað B varði hafi lífsmörk hans verið stöðug við komu og furðu lítil blæðing í brjóstkassa og aðallega loft. Algjört samfall hafi orðið á hægra lunga en

hnífurinn hafði stungist inn í brjóstkassann og skorið í sundur hluta af lunganu. Hafi verið tæpur 2–3 cm skurður í lunganu sjálfu. Taldi hann blæðingu í brjóstholi sem lýst sé í bráðabirgðavottorði hafa verið litla. Vafasamt væri þó að brotapolí hefði jafnað sig án utanaðkomandi aðstoðar þar sem samfall lungans var mikið. Hann hefði um tíma legið inni vegna áverkanna. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um hvort hann hefði hlotið eina eða tvær hnífstungur, af áverkunum á framanverðum brjóstkassa annars vegar og aftan á baki hins vegar að dæma.

53. *P réttarlæknir* gerði grein fyrir réttarlæknisfræðilegri líkamsskoðun og matsgerðum vegna D og B. Taldi hann áverka D á vinstri handlegg, upphandlegg og sérstaklega baugfingri vera mjög týpíska varnaráverka en slíkir áverkar hljótist venjulega þegar brotapolí er á hreyfingu. Ekki væri um lífshættulega áverka að ræða en þeir skildu eftir sig ör. Varðandi áverka B kvaðst vitnið líta svo á að hann hafi hlotið þrjá mismunandi áverka og að áverkar sem liggja saman séu tveir áverkar. Áverki hafi náð inn í fleiðruhol og lunga og myndað loftbrjóst sem sé áverki sem geti verið lífshættulegur sé hann ekki meðhöndlaður, þ.e. lífshættulegt ástand geti skapast. Nánar spurður kvað vitnið áverkann sem slíkan vera alvarlegan og geta dregið til dauða eins og nánar sé lýst í matsgerð.
54. *S, geðlæknir og dómkvaddur yfirmatsmaður*, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum geðrannsóknar ákærða. Hún lýsti persónugerð ákærða og kvað hann hafa verið til samvinnu en að hann hefði átt erfitt með að ræða atvikið. Þá væri hann [...] en auk þess væru fyrir hendi [...]. [...] hafi sett mark sitt á ákærða sem sé [...]. Ákærði hefði tilhneigingu til þess að réttlæta hlutina og væri ásakandi í garð tiltekinna brotþola. Skorti hann að mati vitnisins iðrun og ákveðinn skilning á athæfinu þegar kæmi að öðrum brotþolum en C. Merki væri um [...]. Ákærði kvaðst í viðtölum muna eftir öllu sem gerst hefði en hann hefði „snappað“ og komist í ákveðið uppnám. Þá lýsti hann því er hann sneri sér við, er gripið var í hann, og stakk. Hann hafi ekki getað lýst því hver ætlun hans hafi verið hvað varði D en kannaðist við að hafa ráðist á hana í bifreiðinni. Ljóst væri að [...]. Vitnið kvað þá hættu vera fyrir hendi að ákærði þróaði með sér [...]. Teldi hún þörf á að lagt yrði mat á hvort ákærði glímdi við [...] en mikilvægt væri að hann fengi viðeigandi meðhöndlun. Ljóst væri að það krefðist samvinnu hans.
55. *T, sálfræðingur og dómkvaddur matsmaður*, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum sálfræðiprófa sem lagðar voru fyrir ákærða í tengslum við yfirmat. Þá lýsti hún helstu veikleikum ákærða og þáttum sem bentu til þess að hann gæti þróað með sér [...]. Hann glímdi við [...] og ákveðin [...] einkenni væru til staðar. Hafa yrði þó í huga að notaðir væru mælikvarðar fullorðinna einstaklinga. Vitnið taldi mikilvægt að færni ákærða til tengslamyndunar yrði styrkt.

56. Einnig komu fyrir dóminn *lögreglumaður nr. AF, AG, Q, geðlæknir og dómkvaddur matsmaður*, og *sálfræðingarnir R, AH, AI og AJ*.

III

Niðurstaða

57. Ákærði hefur gengist við þeirri háttsemi sem lýst er í ákæru, að hafa veist með hníf að þremur ungmennum, brotþola B, D og C með þeim afleiðingum sem þar greinir. Ákærði hefur borið kennsl á hníf sem fannst í bakpoka sem hann hafði meðferðis umrætt kvöld.
58. Varnir ákærða eru á því reistar að hann hafi ekki haft þann ásetning að valda því mikla tjóni sem raun varð á og vísar í því sambandi sérstaklega til áverka brotþola B og C. Háttsemi hans hvað varðar B og D verði því ekki heimfærð til 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga og háttsemi hans hvað varðar C ekki heimfærð til 211. gr. almennra hegningarlaga. Málið var flutt með tilliti til heimfærslu til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hvað þau varðar en ákærði telur að háttsemi hans verði rétt heimfærð undir það lagaákvæði. Ákærði játar skýlaust brot gegn 257. gr. almennra hegningarlaga.
59. Fyrir liggur að ungmennin sátu öll í bifreiðinni [...] þegar ákærði kom þar að. Í bílstjóraseti var A en í farþegasæti við hlið hans sat brotþoli B. Í aftursæti sátu C fyrir aftan ökumannssæti, E við hlið hennar fyrir miðju og fyrir aftan farþegasætið sat D.
60. Með vísan til játningar ákærða sem er í samræmi við framburð vitna, einkum B, D, A og E, sem og önnur gögn málsins er sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru er lýst, brotið hliðarrúðu á bifreiðinni [...] og veist að B með hnífi, teygt sig inn í gegnum afturdyr vinstra megin og veist ítrekað með hnífi að D þar sem hún var í aftursæti bifreiðarinnar. Þá veittist ákærði að C og stakk hana í eitt skipti fyrir utan bifreiðina. Enginn ágreiningur er um niðurstöður tæknirannsóknna eða sérfræðigagna. Þá er niðurstaða matsgerða ekki vefengd.
61. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn málsins. Í því sambandi skal m.a. hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Jafnframt metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Skal m.a. líta til afstöðu vitnis til ákærða, hagsmuna þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minnis, ástands og hegðunar þess við skýrslugjöf, öryggis þess og skýrleika í svörum og samræmis í frásögn, sbr. 126. gr. laganna.

62. Ákærði tjáði sig takmarkað í fyrstu skýrslutökum hjá lögreglu og lýsti óminnisástandi varðandi atvikið sjálft. Skýrði hann það svo að hann hefði misst stjórn á skapi sínu þegar hann fékk ekki að tala við D, farið í hálfgerð „blackout“ og myndi ekki eftir að hafa stungið brotapolana. Þegar á leið kvað hann ákveðnar minningar hafa komið fram sem hann gerði grein fyrir í skýrslutöku 20. september 2024.
63. Ákærði hefur frá upphafi greint frá því að hann hafi viljað hitta og ræða einslega við D. Hafi hann því verið í samskiptum við hana, en hann gerði ekki mikið úr ítrekuðum hringingum og skilaboðasendingum til hennar sem og því hversu oft hann skoðaði staðsetningu hennar í gegnum smáforrit í síma sínum. Þá gekkst ákærði við því í skýrslutöku hjá lögreglu 7. nóvember 2024 að hafa haft hníf meðferðis er hann fór [...] en kvað það hafa verið í öryggisskyni þar sem bæði B og A hefðu hótad honum „einhverju“ nokkru fyrir þetta atvik. Kom raunar fram í skýrslutöku hjá lögreglu 20. september 2024 að hann hefði viljað ræða við A um tiltekið atriði.
64. Af hálfu ákæruvaldsins er ekki á því byggt að ákærði hafi fyrirfram haft áform um að skaða D eða aðra sem í bifreiðinni voru og í málinu liggja ekki fyrir gögn sem styðja sérstaklega að svo hafi verið. Liggur ekkert fyrir um hótanir af neinu tagi í hans garð sem sett verði í samhengi við mál þetta. Vitnisburðir móður ákærða og D voru á sama veg um að hann hafi almennt borið hníf á sér. Gekkst ákærði við því fyrir dómi að svo hafi verið.
65. Þrátt fyrir játningu ákærða á háttsemi sinni verður ekki framhjá því litið að framburður hans hefur verið óstöðugur og tekið breytingum um mikilvæg atriði, svo sem um hnífaburð hans almennt og þetta kvöld. Jafnframt er til þess að líta að ákærði kaus að svara aðeins spurningum verjanda um sakarefnið við aðalmeðferð málsins og gafst því ekki kostur að fá frekari skýringar á misræmi í framburði hans eða öðrum atriðum. Óhjákvæmilega þykir framangreint draga úr sönnunargildi framburðar hans, svo sem við mat á huglægru afstöðu hans á verknaðarstundu.
66. Háttalag ákærða í aðdraganda atvika, svo sem vaxandi gremja hans í skilaboðasendingum til D, sem hann lýsti nánar í skýrslum hjá lögreglu, gefur sterka vísbendingu um huglægt ástand hans á verknaðarstundu. Ósannað er þegar litið er til vitnisburða að ákærði hafi verið með hnífinn í hendinni er hann gekk upp að bifreiðinni en hann bar fyrir dómi að hafa tekið hann upp er hann stóð við bílinn og ljóst var að hann fengi ekki að ræða við D. Samræmist það framburði B, D og E en þau kváðu hann hafa verið rólegan allt þar til honum var neitað um að tala við D.
67. Sannað er með framburði ákærða og vitna að ákærði teygði sig inn um bílgluggann eftir að hafa brotið rúðuna og lagði ítrekað til B með hnífnum. Þá er framburður ákærða og vitna á sama veg um hvernig hann fór eftir þetta aftur fyrir bifreiðina er aðrir en D náðu að komast út úr henni. Í kjölfarið veittist ákærði að henni í þröngu rými í aftursæti

bifreiðarinnar og tókst að stinga hana þrisvar sinnum. Við þessar aðstæður kom C aðvífandi en vitni bera um að hún hafi reynt að grípa inn í atburðarásina sem var hröð og vitni áttuðu sig ekki á því strax hvað gerst hafði. Lýstu sum vitnin því að þau hefðu séð þegar manneskja kom að ákærða og átti, að því er virtist, í snörpum orðaskiptum við hann og aðrir lýstu snertingum eða handahreyfingum af einhverjum toga.

68. Óumdeilt er að ákærði lagði til brotþola C með hnífnum í návígi. Sjálfur bar hann hjá lögreglu í skýrslu 20. september 2024 að hún hefði verið alveg upp við hann, með báðar hendur á öxlum hans, fyrir framan hann lítið eitt til hliðar. Þá taldi hann að hnífurinn hefði í reynd hafnað í kvið hennar. Hér fyrir dómi bar ákærði á sama veg um að einhver hefði gripið um axlir hans, staðið yfir honum og „togað mig bara“. Í kjölfarið fór ákærði frá vettvangi. Þegar lítið er til framangreinds, framburða vitna sem og þeirrar staðreyndar að hnífstungan átti greiða leið inn í holhönd brotþola þykir líklegt að ákærði og brotþoli hafi staðið andspænis hvort öðru þegar hann beitti hnífnum.
69. Við mat á huglægri afstöðu ákærða ber að mati dómsins að meta heildstætt þau atriði sem ályktanir má draga af og tengjast atburðarásinni og verknaðinum sjálfum. Viðbrögð ákærða og handahófskenndar hnífstungurnar gagnvart B og D sýna hve hamstola hann varð af bræði og ásetningur hans styrkur. Hann hikaði ekki eftir að hann braut rúðuna og hélt ótrauður áfram. Ákærði bar fyrir dómi að er hann hefði farið inn í bílinn og stungið D hefði verið dimmt og hann séð illa til. Við þessar aðstæður hlaut ákærða að vera ljóst hversu hættuleg háttsemi hans væri og að líklegustu afleiðingarnar yrðu mannsbani.
70. Ákærði hefur borið því við að atburðarásin hafi verið nokkuð óljós á þessum tímamarki og engir sjónarvottar til staðar er hann stakk C. Beri að skýra allan vafa honum í hag við mat á huglægri afstöðu hans. Hafi það ekki verið ásetningur hans að bana C og hefðu viðbrögð hans, er einhver hefði komið óvænt að honum og gripið í axlir hans, verið með öllu ósjálfráð.
71. Árás ákærða átti sér stað á almannafæri en hann hafði sjálfur skapað það ástand sem uppi var. Við slíkar aðstæður er fráleitt hægt að líta svo á að um ósjálfráð viðbrögð hafi verið að ræða enda var ákærði ekki á nokkrum tímamarki að verjast árás. Með því að leggja til brotþola C umhugsunarlaust og enn í árásarham með hníf í hendi lét ákærði sér í léttu rúmi liggja hvort mannsbani hlytist af verknaði hans. Þá ber að líta til þess að ákærði beitti afli við verknaðinn eins og áverki C ber glögggt með sér. Það hvernig ákærði brást við í kjölfar árásarinnar og sést að hluta til á upptöku af heimili hans, og vitni hafa að auki eftir honum, þykir styðja framangreinda niðurstöðu um huglæga afstöðu ákærða, þ.e. að hann hafi strax gert sér grein fyrir því að hann hefði unnið voðaverk.
72. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið hefur ákærði verið sakfelldur fyrir manndráp og tvær tilraunir til manndráps með þeim líkamlegu afleiðingum sem lýst er í ákæru, að því undanskildu að ósannað er þegar lítið er til gagna málsins og vitnisburðar D að

áverkar hennar, þ.e. lítið sár á vinstri olnboga og á vinstri fótlegg, verði raktir til árásarinnar en í málinu er ekki gerð frekari grein fyrir því hvernig þeir áverkar teldust vera sennileg afleiðing árásarinnar.

73. Að mati dómsins ber að líta sérstaklega til hættueiginleika vopnsins og verknaðaraðferðar ákærða sem einkenndist af algjöru skeytingarleysi um afleiðingar háttsemi hans. Það að áverkar brotþola D og B hafi ekki verið metnir lífshættulegir eða ekki lífshættulegir eins og á stóð hefur ekki þýðingu við heimfærslu til refsíákvæðis eins og háttað var atvikum sem grein hefur verið gerð fyrir. Verður því ekki fallist á með ákærða að brot hans hvað hana varðar beri að heimfæra undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og teljast brotin því rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.
74. Ákærði játaði skýlaust eignaspjöll, sbr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Játning hans er í samræmi við gögn málsins og verður hann sakfelldur fyrir brotið sem telst rétt heimfært til refsíákvæðis.
75. Fyrir dóminn komu dómkvaddir matsmenn og yfirmatsmenn og gerðu grein fyrir niðurstöðu sinni sem er samhljóma. Þau hafa borið á sama veg um að ákærði hafi ekki verið haldinn geðsjúkdómi eða merki um ástand sem jafnað verði til þess. Þá töldu þau ástand hans ekki hafa verið með þeim hætti að uppfyllt væru skilyrði 1. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga og sé því ekkert sem standi því í vegi að refsing geti borið árangur.
76. Með vísan til framangreinds, þess sem fram er komið og liggur að hluta til fyrir í gögnum um ástand ákærða í aðdraganda og eftir brotið, telur dómurinn að skilyrði 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga geti ekki átt við um ákærða. Telst hann því hafa verið sakhæfur á verknaðarstundu og að geðrænu ástandi hans sé ekki svo háttað að refsing geti ekki borið árangur.
77. Í matsgerðum er að finna langa umfjöllum um [...] ákærða [...] og aðra [...] þætti, suma mjög alvarlega. Þessir þættir hafa mótað ákærða, viðhorf hans og [...]. Fram kemur að hann eigi ekki auðvelt með að [...] og viðbrögð hans við mótlæti virðist einkennast öðru fremur af réttlætingu eða annarri neikvæðri hegðun sem hefur áður birst [...]. Matsmenn bentu á að ákærði hefði ekki náð fullum þroska og yrði að hafa það í huga við matsniðurstöður þeirra. Í þessu sambandi var jafnframt bent á af yfirmatsmönnum að ef ekkert væri að gert væri möguleiki á því að ákærði myndi þróa með sér [...].

IV

Refsíákvörðun

78. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir manndráp, tvær tilraunir til manndráps sem og eignaspjöll. Eins og áður er rakið er hann sakhæfur. Ákærði er ólöggráða [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 14. nóvember 2024, hefur hann ekki áður verið fundinn sekur um refsiverðan verknað.

79. Í málinu liggja ekki fyrir atvik í aðdraganda eða atburðarás eða aðstæður sem réttlæta háttsemi ákærða og eru því ekki efni til þess að líta til 2. tölul. 1. mgr. 74. gr. eða 75. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar horfir til þyngingar að um alvarleg, tilefnislaus brot var að ræða sem beindust gegn lífi og heilsu brotþola, þar sem hættulegu vopni var beitt með hörmulegum afleiðingum í tilviki C. Brotþólarirnir B og D hlutu líkamstjón sem í tilviki B var umtalsvert. Þá eru brotin til þess fallin að valda brotþolum sem og tjónþolum málsins mikilli vanlíðan og andlegri áþján. Einnig er litið til ásetningsstigs og vísast um það til fyrri umfjöllunar um huglæga afstöðu ákærða. Verður við ákvörðun refsingar litið til 1., 2., 3., 4., 5., 6. og 7. tölulíðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.
80. Ákærði er ólöggráða og ungur að árum. Eins og rakið hefur verið og fram kemur í matsgerðum og framburði matsmanna bjó hann við [...]. Skýra þessir þættir að einhverju leyti persónugerð hans og viðbrögð eins og áður er rakið. Á hinn bóginn á ákærði sér engar málsbætur aðrar en þær að hann játaði brot sín fyrir dómi og viðurkenndi bótaskyldu sína að hluta til. Ákærði lýsti, eins og fram er komið, yfir iðrun hér fyrir dómi, sérstaklega vegna atviks tengt C. Sjá mátti að það tók á hann að tjá sig um tiltekin atriði fyrir dómi en fram til þess hafði hann ekki sýndi slík tilfinningaleg viðbrögð. Fram kom hjá matsmönnum öllum að ákærði hefði í samtölum við þá átt erfitt með að lýsa yfir iðrun og ákveðnar efasemdir voru uppi um einlægni hans hvað þetta varðaði enda í mótsögn við margt annað sem komið hafði fram hjá honum. Þar sem ákærði gaf lítið sem ekkert færi á spurningum frá öðrum en verjanda sínum gafst dóminum lítið færi á að leggja mat á framangreint en vert er að geta þessa hér. Hefur dómurinn þó, sem fyrr, í huga stöðu hans sem ólöggráða ákærðs einstaklings sem og það sem áður er rakið um geðræna hagi hans.
81. Samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga er lágmarksrefsing fyrir manndráp fimm ára fangelsi. Refsirammi fyrir tilraun er hinn sami og fyrir fullframið brot, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Þá er óheimilt samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga að dæma mann sem ekki er fullra 18 ára á verknaðarstundu til þyngri refsingar en átta ára fangelsis. Að öllu framangreindu virtu sem og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í átta ár. Til frádráttar refsingu kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 25. ágúst 2024. Með vísan til þess er fram kom í vitnisburðum matsmanna og matsgerð þeirra er brýnt að ákærði fái og nýti sér þá geðheilbrigðisþjónustu sem honum er nauðsynleg meðan á afplánun stendur.

Einkaréttarkröfur

82. Ákærði hefur með refsiverðri háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð gagnvart foreldrum brotþola C á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ákærði hefur sem fyrr segir viðurkennt bótaskyldu sína en krefst lækkunar bótafjárhæðar.
83. Bótakrefjendur F og H krefjast hvort um sig miskabóta úr hendi ákærða auk vaxta. Við ákvörðun miskabóta er m.a. litið til sakar tjónvalds, umfangs tjóns, aldurs brotþola, atvika tengdra dauðsfallinu og dómaframkvæmdar. Brot ákærða voru til þess fallin að valda bótakrefjendum ómældum miska. Atvik öll og kringumstæður frá því að árásin varð og fram að andláti brotþola auka verulega á miska þeirra. Að þessu virtu þykja miskabætur til handa bótakrefjenda hvors um sig ákveðnar 3.000.000 króna með vöxtum eins og í dómsorði greinir.
84. Við upphaf aðalmeðferðar var lögð fram framhaldsákæra, dags. 1. apríl 2025, þar sem sett er fram krafa dánarbús C um þjáningabætur. Ákærði féllst á að bótakrafan kæmist að með þessum hætti en frestur samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála var liðinn. Krafa um þjáningabætur er svo rökstudd að hún sé sjálfstæð krafa um ófjárhagslegt tjón brotþola C vegna þjáninga hennar dagana frá 24. ágúst 2024 til dánardags 30. ágúst 2024. Málið var höfðað með útgáfu ákæru í málinu 14. nóvember 2024, þ.e. eftir andlát brotþola.
85. Þjáningabætur samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eru persónubundnar og ófjárhagslegar eins og bætur fyrir miska. Aðilaskipti geta orðið að kröfu af þeim toga, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga um meðferð einkamála. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaganna erfist krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska hafi hún verið viðurkennd, einkamál höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í sakamáli.
86. Með vísan til dómaframkvæmdar verður ákvæðið ekki túlkað rýmra en orðalag þess gefur til kynna þar sem gengið er út frá því að málshöfðun eða viðurkenning kröfu þurfi að koma til fyrir andlát brotþola. Krafa um þjáningarbætur getur því eins og hér er ástatt ekki orðið erfðaandlag. Eru því ekki lagaskilyrði til að fallast á kröfu dánarbúsins um þjáningabætur, sbr. dóm Landsréttar frá 17. desember 2021 í máli nr. 636/2020 og hefur það ekki áhrif hvað þetta varðar þó að ákærði hafi samþykkt að framhaldsákæran kæmist að í málinu. Ber því að sýkna ákærða af kröfu dánarbús C með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.
87. Einkaréttarkröfum F og H er haldið fram af Þóri Erni Árnasyni lögmanni og njóta þau gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 11. mars 2025. Verður allur gjafsóknarkostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði. Ólíkt þeim kostnaði sem til fellur vegna vinnu lögmannna sem skipaðir hafa verið réttargæslumenn, þar sem vinna tekur m.a. mið af aðstoð við bótakrefjandann, einskorðast málskostnaður við einkaréttarkröfuna, þ.e. að setja hana fram og fylgja eftir fyrir dómi. Greinarmunur er

gerður á hlutverki lögmanns bótakrefjanda og réttargæslumanns í lögum nr. 88/2008 og tekur fjárhæð málskostnaðar mið af því. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 700.000 krónur vegna hvors einkaréttarkröfuhafa um sig. Hliðsjón er höfð af tímaskýrslu lögmannsins en tímagjald ræðst af reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2025. Hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts af þóknun lögmannsins. Ákærði greiði sömu fjárhæð í málskostnað sem renni til ríkissjóðs eins og nánar greinir í dómsorði.

88. Brotapoli B krefst miskabóta úr hendi ákærða auk vaxta. Ákærði, sem er bótaskyldur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga, viðurkennir bótaskyldu en krefst lækkunar bótafjárhæðar. Fyrir liggur að brotapolí hlaut verulega áverka af völdum ákærða og fór betur en á horfðist þegar litið er til aðferðar ákærða. Fyrir liggur vottorð sálfræðings Barnahúss sem hefur haft brotapóla til meðferðar. Greindist hann með [...] en einkenni voru rakin til atviks þessa. Gerði hún nánar grein fyrir sálrænum afleiðingum brotsins fyrir brotapóla og með hvaða hætti það hefði haft áhrif á öryggistilfinningu hans. Ljóst er að atvikið, sem var mjög óhugnanlegt, er þess eðlis að það mun hafa áhrif á sálræna líðan brotapóla, sem er ungur að árum, með einum eða öðrum hætti um ófyrirsjáanlegan tíma. Að framangreindu virtu þykja miskabætur til hans ákveðnar 2.500.000 króna með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Brotapóli krefst einnig að viðurkennd verði skaðabótaskylda vegna líkamstjóns þess er hann varð fyrir, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Að mati dómsins er krafa brotapóla ekki nægilega afmörkuð. Telur dómurinn því óljóst að hvaða tjóni viðurkenningin lýtur, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 11. október 2022 í máli nr. 31/2022. Verður viðurkenningarkröfu brotapóla því vísað frá dómi.
89. Brotapóli D krefst miskabóta úr hendi ákærða auk vaxta. Ákærði, sem er bótaskyldur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga, viðurkennir bótaskyldu en krefst lækkunar bótafjárhæðar. Fyrir liggur að brotapolí hlaut líkamlega áverka af völdum ákærða og fór betur en á horfðist þegar litið er til aðferðar ákærða. Fyrir liggur vottorð sálfræðings Barnahúss þar sem brotapolí hefur hlotið meðferð. Fram kom í vottorðinu að ákveðnir vankantar væru á því að brotapóla nýttist meðferðin sem skyldi. Fyrir dómi gerði sálfræðingurinn grein fyrir ákveðnum sálrænum einkennum sem væru til staðar hjá brotapolá og hún taldi þörf á að brotapolí næði að vinna úr. Ljóst er að atvikið, sem var mjög óhugnanlegt, er þess eðlis að það mun hafa áhrif á sálræna líðan brotapóla, sem er ung að árum, með einum eða öðrum hætti um ófyrirsjáanlegan tíma. Þá lítur dómurinn til tengsla á milli ákærða og brotapóla. Að framangreindu virtu þykja miskabætur til hennar ákveðnar 2.500.000 króna með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

90. Um heimild til þess að hafa uppi eftirfarandi einkaréttarkröfur vísast til 1. mgr. 172. gr. laga nr. 88/2008, sbr. til hliðsjónar úrskurð Landsréttar 6. desember 2024 í máli nr. 945/2024.
91. Bótakrefjandi A krefst miskabóta úr hendi ákærða auk vaxta. Ákærði krefst aðallega frávísunar bótaskyldu en verði á hana fallist krefst hann lækkunar bótafjárhæðar. Ákærði er bótaskyldur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Fyrir liggur að bótaskyldingur hlaut ekki líkamlegan skaða en tengdist atburðarásinni [...]. Fyrir liggur vottorð sálfræðings þar sem fram kemur að hann hafi uppfyllt öll greiningarskilmerki fyrir [...] og voru bein tengsl á milli atviksins og áfallaeinkenna. Gerði sálfræðingur hennar nánar grein fyrir sálrænum afleiðingum brotsins fyrir bótaskyldinganda og með hvaða hætti það hefði haft áhrif á öryggistilfinningu hans. Ljóst er að atvikið, sem var mjög óhugnanlegt, er þess eðlis að það mun hafa áhrif á sálræna líðan bótaskyldinganda, sem er ungur að árum, með einum eða öðrum hætti um ófyrirsjáanlegan tíma. Þá tengdist bótaskyldingandi C og B náðið. Að framangreindu virtu þykja miskabætur til bótaskyldinganda ákveðnar 500.000 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir.
92. Ákærða ber að greiða brotþola málskostnað við að halda einkaréttarkröfu sinni fram með aðstoð lögmanns en litið er til hlutverk lögmannsins í þeim efnum, sbr. fyrri umfjöllun. Dómurinn lítur þó til þess að nokkru vinna lögmannsins var meiri en tíðkast enda er bótaskyldingandi ungur og [...]. Þá er litið til málsmeðferðarinnar í heild. Verður málskostnaður ákveðinn 1.000.000 króna, auk þess sem ákærða ber að greiða útlagðan kostnað lögmanns bótaskyldinganda vegna sálfræðivottorðs bótaskyldinganda, 140.000 krónur.
93. Brotþoli E krefst miskabóta úr hendi ákærða auk vaxta. Ákærði, sem er bótaskyldur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, samþykkti að framhaldsákæra kæmist að í málinu. Hann krefst aðallega frávísunar bótaskyldu en verði á hana fallist krefst hann lækkunar bótafjárhæðar. Ákærði er bótaskyldur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Fyrir liggur að bótaskyldingandi hlaut ekki líkamlegan skaða en hún tengdist atburðarásinni [...]. Fyrir liggur vottorð sálfræðings þar sem fram kemur að bótaskyldingandi hafi glímt við [...] og sorgarviðbrögð á sama tíma sem hafi gert úrvinnslu flókna. Gerði sálfræðingur hennar nánar grein fyrir sálrænum afleiðingum brotsins fyrir bótaskyldinganda, líkamlegum tímabundnum einkennum og með hvaða hætti það hefði haft áhrif á öryggistilfinningu hennar. Ljóst er að atvikið, sem var mjög óhugnanlegt, er þess eðlis að það mun hafa áhrif á sálræna líðan bótaskyldinganda, sem er ungur að árum, með einum eða öðrum hætti um ófyrirsjáanlegan tíma. Þá tengdist hún C vinaböndum. Að framangreindu virtu þykja miskabætur til bótaskyldinganda ákveðnar 500.000 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Með vísan til þess sem rakið er í efnisgrein 87 um hlutverk lögmanns bótaskyldinganda er málskostnaður til brotþola ákveðinn 900.000

krónur, auk þess sem ákærða ber að greiða útlagðan kostnað lögmanns bótakrefjanda vegna sálfræðivottorðs bótakrefjanda, 120.000 krónur.

94. Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað málsins sem nemur samtals 7.722.350 krónum samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins yfir heildarsakarkostnað og framlögðum reikningum.
95. Við ákvörðun málsvarnarlauna er litið til málsmeðferðar í heild og umfangs að öðru leyti. Hliðsjón er höfð af reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2025, m.a. um ferðir lengur en hálf klukkustund og tímagjald, þ.m.t. fyrir einstaka mætingar á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Fyrir liggur ítarleg sundurliðun í tímaskýrsla verjanda ákærða sem hliðsjón er höfð af. Málið er sérstætt að ýmsu leyti og staða ákærða var frá upphafi viðkvæm, bæði vegna ungs aldurs hans en einnig vegna réttarstöðu forráðamanns hans. Meira mæddi á verjanda en ella þegar á frumstigi málsins og er tillit til þess tekið. Á hinn bóginn er til þess að líta að samskipti við ákærða voru óvenjutíð sem og samskipti við ættingja og aðra er komu að hans málefnum og falla að hluta til utan verksviðs verjandans. Þá er áætlaður tímafjöldi við vinnu við greinargerð, lestur gagna og undirbúning aðalmeðferðar óvenju fyrirferðarmikill sé litið til málsvarnar en að þeirri vinnu kom m.a. fulltrúi verjanda. Að öllu framangreindu virtu þykja hæfileg málsvarnarlaun verjanda vera 9.374.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.
96. Ákærði skal jafnframt greiða 2.343.600 króna þóknun Leós Daðasonar lögmanns, réttargæslumanns brotaþolans B, og 2.511.000 króna þóknun Evu Bryndísar Helgadóttur lögmanns, réttargæslumanns D. Höfð er hliðsjón af tímaskýrslum lögmannanna og litið til eðlis og umfangs málsins. Einnig er litið til þess að um unga brotaþola var að ræða og aðstoð og aðkoma máls því að einhverju leyti meiri og önnur en ella. Þá er annar brotaþola [...].

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Dagmar Ösp Vésteinsdóttir saksóknari.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í átta ár. Til frádráttar refsingu kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 25. ágúst 2024.

Ákærði greiði F 3.500.0000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 24. ágúst 2024 til 22. nóvember 2024, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags.

Ákærði greiði H 3.500.0000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 24. ágúst 2024 til 22. nóvember 2024, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags.

Ákærði er sýknaður af kröfu dánarbús C um þjáningabætur.

Gjafsóknarkostnaður einkaréttarkröfuhafa F og H, 1.400.000 króna þóknun Þóris Arnar Árnasonar lögmanns, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði einkaréttarkröfuhöfum 700.000 krónur í málskostnað hvoru um sig sem renni í ríkissjóð.

Ákærði greiði B 2.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 24. ágúst 2024 til 22. nóvember 2024, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags. Kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu vegna líkamstjóns er vísað frá dómi.

Ákærði greiði D 2.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 24. ágúst 2024 til 22. nóvember 2024, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags.

Ákærði greiði A 500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 24. ágúst 2024 til 22. nóvember 2024, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags, og 1.000.000 króna í málskostnað. Þá ber ákærða að greiða 140.000 krónur vegna útlagðs kostnaðar.

Ákærði greiði E 500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 24. ágúst 2024 til 22. nóvember 2024, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags, og 900.000 krónur í málskostnað. Þá ber ákærða að greiða 120.000 krónur vegna útlagðs kostnaðar.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 9.374.400 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola D, Evu Bryndísar Helgadóttur lögmanns, 2.511.000 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola B, Leó Daðasonar lögmanns, 2.444.040 krónur, og 7.722.350 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltsted